

Mál nr. 295/2015**M****og****vátryggingafélagið V v/ frítímaslysatryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Fall á eldhúsgólfi. Orsakatengsl.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.8.2015.
2. Bréf, dags. 20.8.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1. mars 2014 var M við vinnu í eldhúsi á heimili sínu. Samkvæmt fyrirbyggjandi tjónstilkynningu, dags. 27. mars 2015, kvaðst hún þá hafa runnið til og í fallinu reynt að grípa í handfang á innréttingu, en fengið rykk og fallið í gólfið með þeim afleiðingum að hún búi síðan við verki. Meiðslum lýsir M svo að slit sé á milli 1. og 2. hálsliðar sem ekki sé skurðtækt „og leiðir upp í höfuð og mjög illa út í hægri hönd.“

Í málinu liggur fyrir eitt læknisvottorð heimilislæknis, dags. 16. apríl 2015. Segir í vottorðinu að M hafi leitað á heilsugæslustöð 12. júní 2014 vegna ofangreinds slyss. Fram kemur í nótu læknis vegna þeirrar komu að M eigi 15 ára sögu um verk í upphandlegg eftir að hafa rekið olnbogann harkalega í. Hún mun hafa verið orðin skárri í handleggnum þar til hún lenti í slysinu 1. mars 2014. Álit læknisins og áætlun var svohljóðandi: „Óljósir verkir og dofatilfinning. 15 ára saga, verið ómuð og röntguð 2003. Enginn grunur um brot eða taugaklemmu nú. Ekki verið hjá sjúkrahjálfa lengi, tel það næsta skref. Ef áfram slæm, etv taugarit?“

M leitaði á ný á heilsugæslustöðina 14. ágúst 2014. Hún var þá ekkert farin að skána í olnboganum, að því er segir í fyrrgreindu læknisvottorði. Kvartaði hún undan verk í utanverðum upphandlegg og framhandlegg ásamt dofa í fingrum. Um skoðun læknis sem þá fór fram segir svo í vottorðinu: „Þreifeymsli á utanverðum hæ upphandlegg og við festu brachioradialis vöðva í olnboga. Enginn dofi eða skynbreyting við skoðun. Ekki munur á mótórik eða reflexum. Ekki aum yfir herðum.“ Í kjölfar þessa var M send í segulómskoðun af háls hrygg með svofelldri niðurstöðu: „Slitbreytingar neðantil í háls hrygg. Þrengingar í rótaropum“. Í athugasemdum læknis í niðurlagi læknisvottorðsins segir svo: „Hefur verið stöðugt í sjúkrahjálfun síðan þetta gerðist. Hún er með stöðuga verki utanvert og ofan á öxlinni, þolir illa ýmsar hreyfingar. Ekki teljandi impingement teikn að finna við skoðun en mikil eymsli í AC-liðnum. Hún er enn óvinnufær eftir þetta og þar sem það er að verða komið ár síðan hún lenti í slysinu og bati ekki meiri en þetta verða batahorfur nú að teljast heldur dræmar.“

M hefur krafist bóta úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hún hefur í gildi hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Einungis eitt læknisvottorð liggur fyrir í málinu, en efni þess hefur verið reifað hér að framan. M leitaði fyrst til læknis 12. júní 2014 eða rúmum þremur mánuðum eftir að hún kvaðst hafa orðið fyrir meiðslum á heimili sínu. Þá lýsti hún óljósum verkjum og dofatilfinningu, auk þess sem þess er getið að hún hafi 15 ára sögu um verk í upphandlegg eftir að hafa rekið olnbogann harkalega í en verið orðin skárri þar til hún kom til læknisins. Við lækni skoðun 14. ágúst s.á. voru einkenni frá upphandlegg og við festu tiltekins vöðva í olnboga. Ekkert mat á varanlegum afleiðingum slyssins hefur farið fram. Af gögnum málsins verður ekki talið nægilega sannað að M hafi við fall á heimili sínu 1. mars 2014 orðið fyrir meiðslum sem veiti rétt til bóta úr frítímaslysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.